

Sp.

492. Nefndarálit

[71. mál]

um till. til þál. um lækkuu tolla á efnun og véluu til iðnaðarins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í greinargerð flm. fyrir till. segir, að hún sé flutt „til að tryggja það, að verðhækkanir á hráefnum og véluu til iðnaðarins af völdum gengisbreytingarinnar verði honun sem minnst tilfinnanlegar“.

Allshn. hefur fengið umsagnir um tillöguna frá Félagi isl. iðnrekenda og Sölu- miðstöð hraðfrystihúsanna. Báðar umsagnirnar eru jákvæðar. Í umsögn Félags isl. iðnrekenda segir: „Stjórn Félags isl. iðnrekenda hefur rætt tillögu þessa og mælir með samþykkt hennar. Vísast í því sambandi einnig til samþykkt aðalfunda félagsins á undanförunum árum.“

Nefndin klofnaði við afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill fella tillöguna. Minni hl. vill, að tillagan nái fram að ganga, en telur eftir atvikum rétt, að orðalagi hennar verði breytt lítils háttar, og væntir þess, að þá geti orðið samkomulag á Alþingi um, að sú viljayfirlýsing gagnvart málstað iðnaðarins, sem í henni felst, komi fram af þingsins hálfu. M. a. verður nú að taka tillit til þess, að afgreiðsla till., sem borin var fram nokkuð snemma á þingtímanum, hefur dregizt svo lengi, að árangur af endurskoðuninni getur ekki komið fram í lagasetningu fyrr en á næsta þingi. Minni hl. leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar endurskoða tollalögin með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnun og véluu til iðnaðarins verði lækkaðir, og leggja fyrir Alþingi, þegar það kemur saman á næsta hausti, frumvarp um breytingu á tollalögunum í samræmi við endurskoðunina.

Alþingi, 28. marz 1968.

Gísli Guðmundsson,
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Jónas Árnason.